

Fundargerð 110. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 09. febrúar 2017 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Andrés Bjarnason, Guðmundur Sigurvínsson, Guðni Þór Elísson, Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Símon Guðvarður Jónsson og Örn Friðriksson.

Fjarverandi: Jón Jóhannsson og Þorsteinn Hjálmarsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 109
2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
3. Vinnudeilusjóður VM
4. Málefni AKKS
5. Fjárhagsáætlun Orlofssjóðs VM 2017
6. Skipting vaxta milli sjóða VM
7. Aðalfundur VM 7. apríl n.k.
8. Lagt fram til upplýsingar
9. Önnur mál

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 109

Fundargerð samþykkt og undirrituð

2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

1. Fundur hjá Ríkissáttasemjara í dag. Vonandi tekst að ganga frá kjarasamningi. Við fengum fund með SFS í gær og það var bara hinn fundur.
2. Endurnýjun kjarasamninga í lok febrúar. Fundur verður með fulltrúaráðinu þegar gögn eru komin frá Hagdeild ASÍ, vonandi í kringum 20. feb. Ekki mikið í spilunum til að segja upp samningnum. Það eru erfiðir kjarasamningar framundan bæði BHM, kennarar og fleiri.
3. Framundan fyrir aðalfund:
 24. mars eiga lokatölur að vera klárar frá endurskoðendum.
 27. mars ársreikningur klár til að senda á stjórn.
 29. mars stjórnarfundur og undirritun ársreikninga. Stefna á að halda næsta stjórnarfund 9. mars.

4. Atlagan að stéttarfélögum sem taka peninga úr sjúkrasjóðum gengur vel. Verkfallið hefur varpað ljósi á hvernig sum félög eru að haga sér, setja þak á félagsgjöldin og eiga svo ekki neitt og stela úr sjúkrasjóðnum. Oft er talað um að félögin eigi ekki að eiga mikið af peningum, helst að reka þau sem nálægast núllinu en í svona stöðu eins og núna er mikilvæt að félögin séu fjárhagslega sterk. +
5. Fundur verður með stjórn Málms á morgun. Hugmyndin er að búa til beinagrind varðandi framhaldið og til að fara með inn í vinnuhópana frá Kjararáðstefnunni.
6. IMO – STCW-F fundur í London en lítið gerðist þar.

3. Vinnudeilusjóður VM

Formaður lagði fram tillögu varðandi vinnudeilusjóðinn. Tillagan er um að setja inn í 3. grein vinnudeilusjóðs að hann ætti frá og með aðalfundi 2017 að vera 300 millj. og ekki fara undir það. Félagssjóður leggur þá inn í sjóðinn ef það þarf að stilla hann af. Einnig að hafa hann alltaf sýnilegan í ársreikningi, bara eins og sjúkra – og orlofssjóð. Menn voru sammála aðferðafræðinni (tillögunni) sem formaður lagði fram og hann fer í að vinna hana betur og leggur fyrir næsta stjórnarfund.

4. Málefni Akks

Greinargerð frá lögmanni stefnanda lögð fram.

5. Fjárhagsáætlun orlofssjóðs VM 2017

Orlofsnefndin fundaði í gær og samþykkti fjárhagsáætlunina. Núna er hún lögð fram til samþykktar stjórnar. Nokkrar umræður urðu en síðan var fjárhagáætlunin samþykkt. Formaður sagði frá því að orlofsnefndin hefði fjallað um Einarstaði en til stóð að fara í viðgerðir á húsinu. Rafiðnaðarasambandið er að fara í framkvæmd á einu af sínum húsum og við ræddum við verktakann sem ráðlagði okkur að bíða og sjá hvað þetta myndi kosta hjá þeim. Spurningin er hvort það borgar sig að gera við húsið eða hreinlega byggja nýtt. Síðan erum við með Klaustur og við þurfum að ákveða hvort við ætlum að gera við það eða selja. Ætlum að nota árið að til að skoða þetta. Ákveðið var líka að óska eftir tilboði í breytingar á Laugarvatni, láta útbúa hús fyrir fatlaða. Breyta þá þessum 2 litlu sem eru eftir í neðra húsinu í eitt. Búið er að kaupa vatnstank á Laugarvatn til að koma í veg fyrir vatnsskort. Formaður sagði líka frá því að til stæði að stækka orlofsbyggðina á Illugastöðum og við þyrftum að skoða hvort við viljum kaupa annað hús á svæðinu.

6. Skipting vaxta á milli sjóða

Formaður lagði fram skjal til undirritunar varðandi skiptingu vaxta á milli sjóða félagsins. Það hefur alltaf verið unnið eftir ákveðnum reglum varðandi skiptingu vaxtanna en ekkert verið til um það skriflegt. Skjalið var samþykkt og undirritað

7. Aðalfundur VM 7. apríl nk.

Búið að fá fundarstjóra. Einnig þarf að fara að huga að hvort veita á einhverjum gullmerki félagsins.

8. Lagt fram til upplýsinga

- Fjölmiðlaskýrslan 2016. Við erum að standa okkur vel.
- Fyrirframgreiðsla til ASÍ 2017.
- Samningur við Dalbúa tilbúinn til undirritunar. Félögin munu ekki koma að rekstrinum og golfkortin munu allir gestir á svæðinu á Laugarvatni geta nýtt sér ekki bara þeir sem eru í húsum eins og verið hefur.

9. Önnur mál.

Vestfirðingar óska eftir samstarfi um vinnustaðaeftirlit svipað og er á Húsavíkursvæðinu. Formaður er með þetta í vinnslu..

Fundi slitið kl. 13:42